

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Augustsen, Bjarne August, afgreiðslumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Sivertsen, Mikal Celius, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
3. Sövik, Oskar, rafveitustjóri á Blönduósi, fæddur í Noregi.
4. Visnes, Olaf Ingvald Olsen, verkamaður á Siglufirði, fæddur í Noregi.
5. Wæhle, Johannes, verkamaður á Akureyri, fæddur í Noregi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 11. júní 1938, um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Fyrri málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Stofnfé sjóðsins myndast af framlagi ríkissjóðs, 23500 krónum á ári, og árlegum iðgjöldum lögskipaðra ljósmæðra, 4% af launum þeirra samkv. ljósmæðralögum, að meðtalinni dýrtíðaruppbót, og skal iðgjaldinu haldið eftir við útborgun launanna.

2. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Iðgjald og lífeyrir ljósmæðra, sem njóta réttinda samkv. þessari grein, skal þó aldrei miðast við hærri upphæð en hámarkslaun ljósmæðra samkv. ljósmæðralögum.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun hlutaðeigandi ljósmóður samkv. ljósmæðralögum síðustu 5 árin áður en hún lætur af starfi. Til árslaunanna teljast laun og dýrtíðaruppbót.